

„gleimdu ecki þinni einlægt Elskandi Sistir“.

Skriftarkunnátta sem félagslegt og menningarlegt auðmagn

Erla Hulda Halldórsdóttir

Sýslumannsdóttirin Sigríður Pálsdóttir frá Hallfreðarstöðum í Hróarstungu fæddist árið 1809. Hún ólst upp við lífleg bréfaskrif fjölskyldunnar og áttaði sig snemma á mikilvægi sendibréfa, ekki aðeins til þess að viðhalda sambandi við fjarstadda ástvini heldur einnig að bréf léku mikilvægt hlutverk í því að viðhalda og bæta stöðu sína í samfélaginu, og þegar kom að því að viðhalda valdatengslum og völdum.

Sigríður skrifaði bróður sínum Páli Pálssyni stúdent bréf í rúmlega hálfari öld, frá 1817 til 1871. Þessi bréf hafa varðveist og eru kjarninn í ævisögunni sem ég er að skrifa um Sigríði.¹

Orsakir bréfaskipta

Þótt fræðimenn á sviði sendibréfa leggi ríka áherslu á að heimur sendibréfsins sé flókinn og margræður hefur oftast verið gengið út frá því að missir og aðskilnaður leiki lykilhlutverk í persónulegum bréfaskiptum fortíðar. Þannig ræðir bandaríski sagnfræðingurinn David A. Gerber um tilfinningalegt gildi sendibréfsins og að líta megi á það sem hvort tveggja í senn „lélegan staðgengil og mikilvægan holdgering þeirra sem við erum aðskilin frá“ og að á þann hátt auðkenni bréfið fjarveru.² Breski félagsfræðingurinn Liz Stanley ræðir margbreytileika sendibréfa, einkenni þeirra, form og túlkunarmöguleika í greininni „The Epistolarium“ frá 2004. Þar gengur hún út frá því að uppspretta og tilvist sendibréfa grundvallist á fjarveru og fjarlægð milli bréfitara og viðtakanda. Af þeim sökum mætti líta á sendibréf sem nokkurs konar táknmynd bréfitarans þótt þau komi auðvitað aldrei í stað líkamlegrar návistar eða raunverulegra samtala.³ Þessa kenningarmið Stanley á meðal annars rætur í hugmyndum franska heimspekingsins Jacques Derrida um aðskilnað og að sendibréf feli í sér menjar eða spor

¹ Bréf Sigríðar til Páls eru varðveitt á handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, *Lbs* 2413 a 4to. Nokkur þeirra, ásamt fleiri bréfum úr viðamiklu bréfasafni Páls, má sjá í *Skrifjarinn á Stapa. Sendibréf 1806–1877*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar (Reykjavík, 1957). Þessi grein byggir á rannsókn sem ekki er lokið og því er um að ræða hugmyndir í vinnslu en ekki endanlegar niðurstöður.

² David A. Gerber, *Authors of Their Lives. The Personal Correspondence of British Immigrants to North America in the Nineteenth Century* (New York og London 2006), bls. 2. “a poor substitute for and an important embodiment of those from whom we are separated”.

³ Liz Stanley, „The Epistolarium: On Theorizing Letters and Correspondences“, *Auto/Biography* 12 (2004), bls. 8–9.

Þess sem ekki er lengur til staðar, að bréfið endurgeri á þann hátt og sendi eitthvað af hinu „skrifandi sjálfi“ til þess sem er fjarri og skapar þannig nálægð.⁴

Stanley hefur nú endurskoðað kenningar sínar því hugmyndin um missi og fjarveru reyndist ekki fullnægjandi þegar greina átti viðamikið bréfasafn suður-afríska femínistans og skáldkonunnar Olive Schreiner frá því um aldamótin 1900. Í nýlegri grein færir Stanley rök fyrir því að ástæða þess að fólk hefji bréfaskipti eigi sér flóknari rætur en aðskilnað bréfitara og viðtakanda. Stanley leitar fanga í kenningum franska félagsfræðingsins Marcel Mauss um gjafaskipti (e. *gift-exchange*) sem segja má að gangi út á „æ sér gjöf til gjalda“ og þá ekki í efnahagslegum skilningi heldur félagslegum. Ekki er átt við gjöf í formi pakka heldur athafnarinnar, og gagnkvæmninnar í því að gefa og þiggja og þess hags sem báðir hafa af.⁵ Þessa kenningu Mauss notar Stanley til þess að greina bréfaskipti þar sem sendibréfið verður „gjöf“, bæði bréfið sem slíkt en þó fyrst og fremst þau félagslegu tengsl og gagnkvæmni sem það tákngerir. Með öðrum orðum, Stanley heldur því fram að séu bréfaskipti skoðuð í ljósi gjafakenningar Mauss sé auðveldara að greina uppsprettu þeirra og eðli og að hún sýni að „sambönd og tengsl“ séu grundvöllur bréfaskipta fremur en fjarvera og missir.⁶

Bréflög gjöf

Til að byrja með virtist þessi nýja kenningarmið Stanley ekki breyta miklu um skilning minn á bréfum Sigríðar Pálsdóttur og fjölskyldu hennar af því öðrum þræði er augljóst að þau byggjast á fjarveru og missi. Þótt fjölskyldan hafi skrifað bréf af nokkrum krafti fyrir þann þann tíma þá er það brottför Páls Pálssonar ellefu ára frá Hallfreðarstöðum suður í Odda á Rangárvöllum sumarið 1817 sem markar upphaf markvissra bréfaskrifta kvennanna sem eftir sátu, ömmunnar Sigríðar Örum, móðurinnar Melene Jensdóttur og yngri systranna Sigríðar og Þórunnar Pálsdætra. Söknuðurinn eftir drengnum sem fór er næstum áþreifanlegur eins og sjá má af þremur stuttum dæmum. Sigríður átta ára skrifar bróður sínum (skrifað í hennar nafni) árið 1817: „mikid saknadi eg þin eptir ad þu varst farinn, og geck eg opt ad vördu broti ockar, en það bætist mier ei, fir en med timaleingdinni“.⁷ Sigríður Örum skrifar árið 1818: „skaparin veit ad eg hugsa optar til þin en eg nefni þig, og ert þu þo opt nefndur því þo við moder þin þeigium þa hafa þær

⁴ Liz Stanley, „The Epistolary Gift, the Editorial Third-Party, Counter-Epistolaria: Rethinking the Epistolarium“, *Life Writing* 8:2 (júní 2011), bls. 135–137.

⁵ Liz Stanley, „The Epistolary Gift“, bls. 140.

⁶ Liz Stanley, „The Epistolary Gift“, bls. 140–141, 149–150, „connection and relation“.

⁷ *Lbs* 2413 a 4to. Sigríður Pálsdóttir til Páls Pálssonar, ódagsett og óársett en efni bréfsins, bréf móður og ömmu, benda til þess að þetta bréf sé skrifað á jólum 1817.

sistur þinar ei gleimt þier því þær nefna þig og oska þin daglega.“⁸ Og loks móðirin Malene sem sífellt óskar sér nær syninum en þó ekki að hann komi heim aftur því það gengur gegn framtíðarhagsmunum hans. Árið 1819 skrifar hún: „æ eg vildi nú Elskan min oska að eg mætti í stadinn fyrir að skrifa þér seigia þier það alt munnlega, það er að seigia að eg væri horfin til þin En þu Ei til mín því ei væri eg nattúrleg moder ef eg vildi oska þier úr sama stad þinum.“⁹

Auk þessa sýndist mér ekki endilega vænlegt að yfirfæra kenningaramma úr einu samhengi yfir í annað án þess að aðlaga og skoða í ljósi staðbundinna aðstæðna því samskiptum og bréfaskiptum fjölskyldu á Íslandi á fyrri hluta 19. aldar var allt öðruvísi háttað en bréfasafni suður-afríksks femínista frá því um 1900. En eftir því sem ég las fleiri bréf úr fórum fjölskyldunnar og fleiri bréfritarar komu til sögunnar áttaði ég mig á því að til að skilja betur það félagslega samhengi sem Sigríður Pálsdóttir skrifaði inn í yrði ég að skoða fleiri greiningarmöguleika. Sendibréfið er jú ekki hlutlaus tjáning, það er sviðsetning, í því eru ekki einfaldar staðreyndir eða sannleikur sem rennur úr þenna bréfritarans, heldur eiga bréfaskrif sér tiltekin markmið og með orðavali, framsetningu og efnisvali reynir bréfritari að hafa áhrif á viðtakandann.¹⁰ Þetta má glögg sjá í neðangreindum dæmum.

Árið 1811 skrifar faðir Sigríðar, sýslumaðurinn Páll Guðmundsson bréf til vinar síns Steingríms Jónssonar prófests í Odda. Í því er einhver hálfkæringur með alvarlegum undirtón og ekkert sjálfgefið hvernig lesa á í það nú 200 árum síðar. Páll segir frá hag sínum eystra, gefur í skyn að hann gæti jafnvel hugsað sér að flytja í sókn Steingríms eða gerast „verkstjóri“ hans en þá væri nú best að Steingrímur tæki strax einn dreng (Pál) til uppeldis og hefur jafnframt orð á að Hannes litli, tveggja ára sonur Steingríms, myndi kannski lofa Sigríði „að vera í sínu skjóli“. Sigríður var jafngömul Hannesi, varð reyndar ekki tveggja ára fyrr en tveimur mánuðum síðar. Páll skrifar:

verd eg að bera kjæra qvedju frá Sigr. til H: hvar með fylgir, að þar hún heyrir mikid af honum sagt, kunni margt að talast til ef hann finni sig, annars sé hún að allra dómi besti qvennkostur bædi að viti og ályti, sem enn fremur má ráða þar af, að hún nú er altalandi.¹¹

⁸ *Lbs* 2412 a 4to. Sigríður Örum til Páls Pálssonar 18. október 1818.

⁹ *Lbs* 2411 a 4to. Malene Jensdóttir til Páls Pálssonar 7. janúar 1819.

¹⁰ Um sendibréf, kosti þeirra og galla við sagnfræðirannsóknir, hef ég m.a. fjallað í doktorsritgerð minni *Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903* (Reykjavík, 2011), bls. 56–65.

¹¹ *Lbs* 124 fol. Páll Guðmundsson til Steingríms Jónssonar 25. mars 1811.

Hér lætur Páll sýslumaður vilja sinn (í nafni Sigríðar) skýrt í ljós en það var ekkert óvenjulegt við það á þessum tíma að foreldrar legðu drög að eða jafnvel ákveddu hjónabönd barna sinna. Tveimur árum síðar (1813) skrifar Páll Steingrími vini sínum og lýsir að venju heimilishag sínum og einkennum barna sinna. Hann segir:

frá Sigríði m: trúi eg, jeg hafi sagt þér áður, þá eg ½ vegis frýadi hennar vegna, og þar eg engann, fyrst þann mann, villdi hafa fört bag lyset,¹² fylgir þar af, að þetta er sá besti kostur sem eg þecki til hér umm Plátz, og þótt léngra væri Leitað.¹³

Sýslumaðurinn Páll og eiginkona hans Malene höfðu í bréfum sínum beðið Steingrím að taka son þeirra Pál til sín í eitt ár eða svo til að kanna gáfur hans og í ofangreindu bréfi frá 1813 kemur fram að Steingrímur hefur gefið góðar vonir um að svo megi verða. Páll fór þó ekki suður í Odda fyrr en vorið 1817, tæpum tveimur árum eftir ótímabært andlát föður síns en lofordið hefur verið hermt upp á Steingrím – eða hann viljað standa við sitt. Og Sigríður systir hans heldur áfram að biðja að heilsa Hannesi Steingrímssyni í bréfum til bróður síns: „Eg bid þig nú heilsa fra mier iafnaldra mínum Hannesi Steingrímssyni“¹⁴, og „æ lattu nu aungvan sia þetta liota klor og sidst Jafnaldara min Hanes því eg held það sie olikt skrifi hans“.¹⁵ Og skyndilega virtist augljóst hvað Stanley var að fara með hinni „bréflegu gjöf“ og þá hagsmuni, gagnkvæmni og tengsl sem þau tákngærdi. Með öðrum orðum, að bréf og kveðjur sem þessar væru liður í því að búa til tengsl og tryggja hagsmuni sína, ekki bara sína eigin (eins og Páll Guðmundsson gerði með því að kanna hvort vit væri í að flytja á Suðurlandið) heldur einnig barnanna því í ótryggum heimi ótímabærs dauða, veikinda og slysa var eins víst að síðar þyrfti að herma loford um aðstoð upp á gamla vini.

Félagslegt og menningarlegt auðmagn

Tengslanet og mikilvægi þeirra leiða okkur beint til franska félagsfræðingsins Pierre Bourdieus og hugmynda hans um menningarlegt og félagslegt auðmagn. Á einfaldaðan hátt má segja að kenningar Bourdieus gangi út á það sem hann kallar táknrænt auðmagn (e. *symbolic capital*), en það er sá auður sem markar samfélagslega stöðu fólks. Táknrænt

¹² „fyrst þann mann, villdi hafa fört bag lyset“ er svolítið snúið orðalag en virðist vísa til þess að þennan mann (Hannes Steingrímsson) vildi Páll sýslumaður allra síst blekkja. Eg þakka þeim sem hjálpuðu mér að ráða í þetta orðlag.

¹³ Lbs 31 fol a. Páll Guðmundsson til Steingrím Jónssonar 17. febrúar 1813.

¹⁴ Lbs 2413 a 4to. Sigríður Pálsdóttir til Páls Pálssonar, ódagsett og óársett en efni bréfsins, bréf móður og ömmu, benda til þess að þetta bréf sé skrifað á jólum 1817.

¹⁵ Lbs 2413 a 4to. Sigríður Pálsdóttir til Páls Pálssonar 3. janúar 1821.

auðmagn færir þeim sem það hafa völd og áhrif og táknrænt auðmagn getur falist bæði í efnahagslegu auðmagni (e. *economic capital*), sem ekki er til umfjöllunar hér, og menningarlegu auðmagni (e. *cultural capital*) sem ég tel lykilhugtak í samhengi við skriftarkunnáttu á 19. öld. Menningarlegt auðmagn vísar meðal annars til menntunar (t.d. prófgráðu á borð við háskólagráðu) og þekkingar, sem skiptir máli hér, og gefur forskot á aðra hópa (stéttir) og viðheldur félagslegri og stéttarlegri aðgreiningu. Í því getur líka falist ýmis önnur lærð hegðun og fágun eða það sem kallað hefur verið *Bildung*. En það hugtak í auðmagnsflóru Bourdieus sem er hvað mikilvægast hér er það sem hann kallar félagslegt auðmagn (e. *social capital*) því það felur í sér þann auð og það vald sem felst í tengslum og tengslanetum; í því að tilheyra ákveðnum hópi sem á sér sameiginlegan auð í formi tengsla.¹⁶ Jafnframt er gagnlegt að hafa í huga að kenningin um félagslegt auðmagn hefur verið talin sérlega mikilvæg fyrir femínískar rannsóknir vegna þess að við samþjöppun slíks auðs spili fjölskylda og frændsemi mikilvæga rullu og þar eru konur í lykilhlutverki.¹⁷

Sagnfræðingar hafa fjallað um mikilvægi tengslaneta í íslensku samfélagi 19. aldar, til að mynda Gísli Ágúst Gunnlaugsson sagnfræðingur sem sýndi fram á bæði tilvist slíkra fjölskyldu- og samhjálparneta og hve mikilvægu hlutverki þau gegndu.¹⁸ Einar Hreinsson sagnfræðingur tók til skoðunar tengsla- og valdanet embættismanna 18. og 19. aldar í doktorsrannsókn sinni og beitir m.a. kenningum Bourdieus. Einar sýnir fram á hvernig íslenskir embættismenn, með Stefánunga í broddi fylkingar, tryggðu sér völd og styrktu tengsl sín með innbyrðis giftingum, vafasömum jarðakaupum o.s.frv. Í grein árið 2002 dregur Einar saman skilgreiningar á tengslanetum embættismanna: „Tengslanetssamböndin byggðu á endurgjöf og trúnaði, með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi. Þau voru miðill fyrir auðmagn með það að augnamiði að viðhalda og endurnýja félagslega sérstöðu hópsins í samfélaginu.“¹⁹ Þessi lýsing fellur óneitanlega vel

¹⁶ Bourdieu ræðir þetta efni í mörgum verka sinna en hér er einkum stuðst við Pierre Bourdieu, „The Forms of Capital“, *Handbook of Theory of Research for the Sociology of Education*. Ritstj. J. E. Richardson (New York, 1986), bls. 46–58. Einnig má benda á Pierre Bourdieu, „Social space and symbolic power“, *In Other Words. Essays Towards a Reflexive Sociology*. Ensk þýð. Matthew Adamson (Stanford, 1990), bls. 123–139. Og loks má benda á skilgreiningar þessara hugtaka í ljósi femínískra fræða: Sonya Andermahr, Terry Lovell og Carol Wolkowitz, *A Glossary of Feminist Theory* (London, [2000] epr. 2002), bls. 47 og 248.

¹⁷ Sbr. *A Glossary of Feminist Theory*, bls. 248.

¹⁸ Gísli Ágúst Gunnlaugsson, *Saga og samfélag. Þættir úr félagsögu 19. og 20. aldar*. Ritstjórn Guðmundur Hálfðanarson, Loftur Guttormsson og Ólöf Garðarsdóttir (Reykjavík, 1997). Sjá einkum bókarhlutann Ættartengsl og samhjálpa í íslensku samfélagi, bls. 237–313. Þar er að finna fimm greinar um efnið, þar af tvær sem Gísli Ágúst skrifaði ásamt Ólöfu Garðarsdóttur og eina ásamt Loftu Guttormssyni.

¹⁹ Einar Hreinsson, „Íslenskur aðall – ættartengsl og íslensk stjórnsýsla á 18. og 19. öld“, í *2. íslenska söguþingið 30. maí – 1. júní 2002. Ráðstefnurit I*. Ritstj. Erla Hulda Halldórsdóttir (Reykjavík, 2002), bls. 318–337, tilv. af bls. 323. Sjá einnig Einar Hreinsson, „Íslands hæstráðandi til sjós og lands. Embættismenn á 18. og 19. öld“, *Þjóðerni í þúsund ár?* Ritstj. Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir

að áður nefndum hugmyndum Stanley (og Mauss) um hina bréflægu gjöf og gagnkvæmni hennar.

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að skriftarkunnátta var mikilvægt tæki til þess að viðhalda samfélagslegri stöðu sinni og fyrir þá lægra settu fól hún í sér möguleika á framförum og samfélagslegri tilfærslu. Á síðari hluta 18. aldar og á 19. öld sóttist fólk í auknum mæli eftir því að læra skrift og beggja vegna Atlantsála var blómleg útgáfa leiðbeiningarita fyrir almenning um ritun sendibréfa og þá einkum þess sem kallað er hversdagslega bréfið – þetta venjulega kumpánlega bréf sem ætlað var fjölskyldu eða vinum. Þótt aukin og almenn skriftarkunnátta hafi grafið undan skrift sem valdataeki efri stétta og hinna auðugu hefur verið bent á að markviss skólakennsla í bréfaskrifum á 19. öld hafi verið tæki til þess að innleiða og afmarka tiltekna hegðun, þekkingu og/eða samfélagslega stöðu. Jafnframt að litið hafi verið á sendibréfið sem einskonar myndlíkingu fyrir karaktereinkenni bréfitrans og þess vegna hafi útlit og frágangur skipt máli. Jafnframt var lögð áhersla á að skrifa rétt því það að ná tökum á skrift bar ekki aðeins vott um siðfágun og áhuga á betrun (e. *refinement*) heldur helst í hendur við að ná árangri í samfélaginu. Einnig hafa fræðimenn fært fyrir því rök að í leiðbeiningabókum sem notaðar voru um bréfaskriftir í bandarískum barnaskólum á 19. öld hafi falist hegðunarreglur um daglegt líf eða ráðandi (e. *hegemonic*) hugmyndir um rétta hegðun sem styrktu stöðu ríkjandi stétta. Af þeim sökum sé nauðsynlegt að líta á skrifarkunnáttu eða þekkinguna til þess að skrifa bréf, sem hluta af menningarlegu auðmagni.²⁰

Auður í orðum

Sýslumaðurinn Páll Guðmundsson lést árið 1815 frá konu og fimm ungum börnum. Ekkja hans Malene Jensdóttir seldi þá eða leigði hluta úr jörðinni Hallfreðarstöðum og gerðist húskona með dyggri aðstoð móður sinnar Sigríðar Örum sem sjálf hafði orðið ekkja árið 1788, og búið eftir það um tíma í skjóli móðurbróður síns Skúla Magnússonar fógeta en síðar hjá bróður sínum Geir Vídalín biskupi. Þótt Malene væri ekki á vonarvöl fjárhagslega, líkt og svo algengt var um ekkjur þegar fyrirvinnan, eiginmaðurinn, féll frá, þurfti að halda vel á spöðunum til að tryggja framtíð barnanna og þar reyndist drjúgur annar auður en sá sem er fastur í hendi í formi peninga eða eigna. Það var sá auður sem

Jakobsson (Reykjavík, 2003), bls. 73–87, og Einar Hreinsson, *Nätverk och nepotism. Den regionala förvaltningen på Island 1770–1870* (Göteborg, 2003).

²⁰ Hér er einkum vísað til greina Lucille M. Schultz, „Letter-Writing Instruction in 19th Century Schools in the United States“, bls. 109–130, og Konstantin Dierks, „The Familiar Letter and Social Refinement in America, 1750–1800“, sem báðar má finna í *Letter Writing as a Social Practice*. Ritstj. David Barton og Nigel Hall (Amsterdam/Philadelphia, 2000).

fólst í ætterni og virku tengslaneti. Malene hélt góðu sambandi við móðurbræður sína Geir biskup Vídalín og bróður hans Jón Vídalín stýrimann, en einnig ættingja Páls Guðmundssonar austanlands (valdamiklir sýslumenn í marga ætliði, prestar og prófastar), sem og vini hans og kunningja frá námsárum hans á Íslandi og í Kaupmannahöfn. Þetta net notfærði Malene sér óspart, einnig móðir hennar, en fullyrða má að án hennar hefði Malene ekki getað haldið heimili á þann hátt sem varð. Börnin hennar fengu svo hlutdeild í þessu félagslega auðmagni, lögðu inn og tóku út eftir því sem við átti. Hið sama gilti um hið menningarlega auðmagn, þekkinguna sem menntun þeirra og félagsleg staða skóp þeim þótt það hafi fyrst og fremst verið drengirnir sem nutu formlegrar menntunar. Aðstaða stúlkanna, eða fremur móður þeirra og ömmu, kom í veg fyrir að þær nytu þeirrar tilsagnar sem hæfði ætterni þeirra og fóru þar af leiðandi á mis við þá fágun sem tilheyrði efri lögum samfélagsins, ef marka má orð ömmu þeirra í bréfi árið 1826 þar sem hún skrifar: „Stulkur minar sémilega friskar og ordnar vel vinandi að því hier firirfellur en ei geta þær tekið framförum hiá mier hvurki til lifs nie salar i því fina edur því menn kalla levemode²¹ því eg hef aldrei kunnad það sialf.“²²

En stúlkurnar lærðu að skrifa og í því fólst mikilvæg þekking. Og ég tel raunar að skrift og skriftarkunnátta hafi verið lykilatriði í því bæði að nýta sér og efla menningarlegt og félagslegt auðmagn. Þetta vissu mæðgurnar Malene Jensdóttir og Sigríður Örum sem báðar voru vel skrifandi, ekki síst amman sem var góður stílisti að auki. Sigríður Örum hafði um árabil búið á mannmörgu heimili hjá bróður sínum biskupnum þar sem voru piltar í heimaskóla, skrifarar biskups og vinir auk ættingja, bæði kvenna og karla. Á því heimili hefur enginn efast um mikilvægi hins skrifaða orðs og þess auðmagns, eða valds, sem fólst í því að kunna að skrifa – og þótt þess séu dæmi að skriftarkunnátta hafi verið haldið frá embættismannadætrum má gera ráð fyrir að sú þekking hafi frekar staðið þeim til boða en stúlkum sem stóðu lægra í þjóðfélagsstiganum. Það voru forréttindi uppi á Íslandi að kunna að skrifa um 1820, einkum ef um var að ræða konu því heimildir sýna að mun færri konur en karlar voru skrifandi á fyrir hluta 19. aldar. Ekki eru til nákvæmar tölur en tilraunir til þess að lesa í svör presta við Spurningalistum Hins íslenska bókmenntafélags frá 1839 benda til þess að mögulega hafi 10–30% fullorðinna kvenna

²¹ *levemåde* getur þýtt rétt framkoma eða að kunna sig. Eins og oftast er um danskar slettur í bréfum fjölskyldunnar eru þær ekki settar innan greinarmerkja og eru ekki alltaf kórrétt stafsettar.

²² *Lbs* 2412 a 4to. Sigríður Örum til Páls Pálssonar 25. júní 1826.

verið skrifandi um þetta leyti og 20–50% karla.²³ Í svari prestsins í Kirkjubæ í Hróarstungu, fæðingarsveit og kirkjusókn Sigríðar Pálsdóttur segir árið 1839 að 60 karlar og 35 konur séu skrifandi og það sé samtals um þriðjungur fullorðinna.²⁴ Skilgreiningar presta hvað það merki að einhver sé skrifandi eða ekki eru oftast óljósar og því erfitt að meta hvað nákvæmlega felst í þessu. Fjöldinn segir okkur þó að þegar þær systur Sigríður og Þórunn lærðu að skrifa tuttugu árum fyrr (um 1820), þá í kringum tíu ára gamlar, hafi heimilið á Hallfreðarstöðum þar sem konur skrifuðu hver í kapp við aðra líklega haft nokkra sérstöðu.

Ég hef ekki séð að íslenskur almenningur hafi nýtt sér leiðbeiningabækur um bréfaskrif við bréfaskriftir enda voru þær ekki til á íslensku. Vera má að fyrir tilstilli stúdenta og menntamanna í Kaupmannahöfn hafi borist hingað slíkar bækur á dönsku eða jafnvel ensku en af þeim fer litlum sögum. Af kvennabréfunum á Hallfreðarstöðum má aftur á móti sjá hvernig litlu stúlkurnar læra uppsetningu og framsetningu af ömmu og mömmu og þar fara bréfaskriftir alla jafna ekki fram í einrúmi heldur er þetta í senn félagsleg athöfn og persónuleg tjáning. Bréfaskriftir eru háðar póstsamgöngum, frést hefur af póstinum eða hann jafnvel kominn og þá setjast allir sem geta niður við að skrifa bréf — stundum fellur óvænt ferð og þá er skrifað í hasti. Bréfritarar vísa hver til annars: Amma skrifar fréttirnar, Þórunn segir þér frá ferðinni í sumar. Og allir vita hverjum er verið að skrifað: Allir hrópa að þeir biðji að heilsa þér, er stundum bætt við undir lok bréfs eða í eftirskrift.

Sigríður Pálsdóttir virðist þó ekki fyrir tilraunir í stílbrögðum, er frekar jarðbundin, formið hefðbundið, kemur sér beint að efninu. Líklega mótuð af hörðum aðstæðum eins og dauða föður, síðar móður og því að bræður hennar voru að mestu leyti fóstraðir annars staðar. Þó slær fyrir einstaka orðum sem gefa vísbendingu um að hún hugsar um orðfæri þeirra sem höfðu aðgang að hinni karllegu menntun og þekkingu. Árið 1825 má sjá þetta niðurlag í bréfi Sigríðar:

nú verd eg hætta og eru briefinn min alltíð heldur endabrend, firir gefdu hastin og lifdu betur en kann óska þin Elskandi

Systir

S: Pálsdóttir

²³ Sbr. Erla Hulda Halldórsdóttir, „Af bréfaskriftum kvenna á 19. öld“, *Alþýðumenning á Íslandi 1830–1930. Ritad mál, menntun og félagsbreyfingar*. Ritstj. Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson (Reykjavík, 2003), bls. 247–267.

²⁴ *Múlayjslur. Sjúlu- og sóknaþýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1874*. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfuna (Reykjavík, 2000), bls. 181.

PS fyrir alla muni hún AfaSistir ockar á Kirkubæ bidur hjartanlega að heilsa þér og allar Jomfrúrnar adiu²⁵

Adju. Þetta er í eina skiptið sem þetta algenga franska kveðjuorð menntapilta í Kaupmannahöfn og formframaðra karla í lystitúrum úti í Evrópu kemur fyrir í bréfum hennar, ekki alveg rétt stafsett, en engu að síður yfirlýsing um ákveðna þekkingu.

Að þetta netið

Sigríður Pálsdóttir hefur snemma lært um mikilvægi tengslaneta af móður sinni og ömmu og áttað sig á mikilvægi þess að þekkja rétta fólk. Þess vegna heldur hún áfram að biðja að heilsa Hannesi Steingrímssyni þegar hún fer sjálf að lesa fyrir bréf og loks að skrifa með eigin hendi. Viðhalda þurfti og þetta og styrkja netið. Og ekki mátti heldur glata tengslunum við bróður sinn, hvorki tilfinningalega né af hagnýtum ástæðum.

Enda skila öll þessi bréf árangri. Páll Pálsson fer suður í Odda til Steingríms Jónssonar og þegar námi í heimaskóla er lokið verður hann skrifari hjá öðrum góðvini fjölskyldunnar, sem amma og mamma höfðu verið í bréfaskiptum við, Bjarna Þorsteinssyni sem varð amtmaður vestur á Arnarstapa. Þangað fékk Páll svo Siggeir Pálsson bróður sinn til uppeldis. Og þegar bæði amma og mamma eru dánar fyrir austan fær hann systur sína Sigríði suður til Reykjavíkur, eða öllu heldur í Laugarnes á heimili Steingríms Jónssonar biskups — áður í Odda. Steingrím vantaði reyndar ekki stúlku:

Um það sem þer, af dygd, er nú mest hugarhalldið, nefnil. Systur þ: eystra, ætti eg ecke að vera tilfinningarlaus, margra orsaka vegna, svo jafnvel þótt eg Siálfur se nú byrgur með Stúlkur, og ecke viti, hvört Sigr: Systir þinni kynni vera ljúft, eda hollt, að færast hingad sudur á land, þá vilium við Kona m: samt taka hana til ockar.²⁶

Vinskapur, gagnvæmni, hagsmunir? Góðmennska Steingríms kom svo í bakið á honum því ástir tókust með Sigríði og Þorsteini Helgasyni sem var heitbundinn Sigríði Hannesdóttur, stjúpdóttur Steingríms, dóttur eiginkonu hans Valgerðar Jónsdóttur og biskupsins Hannesar Finnssonar. Þegar upp komst var Sigríður Pálsdóttir, og þau Þorsteinn bæði, rekin með skömm af heimili biskupshjónanna — en sú saga biður ævisögunnar.

²⁵ *LbS* 2413 a 4to. Sigríður Pálsdóttir til Páls Pálssonar 5. júlí 1825.

²⁶ *LbS* 2414 a 4to. Steingrímur Jónsson til Pál Pálssonar 12. desember 1828.

Sigríður Pálsdóttir skrifaði Páli bróður sínum alla ævi. Bréfin eru ekki aðeins tilfinningatengd (fjarvera og missir) heldur þjóna þau einnig þeim tilgangi að tryggja stöðu hennar í samfélaginu og snúast á þann hátt um sambönd og tengsl — hagsmuni. Konur á fyrri hluta 19. aldar nutu takmarkaðra réttinda. Þær voru ekki fullmyndugar, höfðu engan formlegan aðgang að æðri menntun, höfðu ekki rétt til embætta nema starfs ljósmóður og borgaraleg réttindi á borð við kosningarétt og kjörgengi var ekki til staðar. Þá skipti miklu máli að hafa réttu tengslin til að tryggja stöðu sína og réttindi, og það gerði Sigríður þegar fram í sótti, eins og Krístrún Halla Helgadóttir hefur fjallað um í einsögurannsókn sinni á lífi Sigríðar þar sem hún beindi sérstaklega sjónum að stöðu hennar sem prestsekkju (í tvígang).²⁷

Lykillinn að þeim auði sem fólst í tengslum og samböndum var ekki aðeins ætternið sem slíkt og að þekkja rétta fólkið, heldur þurfti að halda þeim lífandi og það var gert með sendibréfum. Á þann hátt varð skriftarkunnátta Sigríðar Pálsdóttur menningarlegt auðmagn sem hún aftur beitti til þess að koma á, tryggja og staðfesta það félagslega auðmagn sem hún hafði aðgang að. Eða, eins og hún endaði svo oft bréfin til bróður síns, einkum þó þegar eitthvað bjátaði á og virkja þurfti tengslanetið: „og gleimdu ecki þinni einlægt Elskandi Sistir“.²⁸

²⁷ Krístrún Halla Helgadóttir. „Hagir prestsekkna“, í *Einsagan – ólíkar leiðir. Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk*. Ritstj. Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík, 1998), bls. 89–111.

²⁸ *Lb* 2413 a 4to. Sigríður Pálsdóttir til Páls Pálssonar 10. ágúst 1824.